

Nr. 21-121 S 078 Fönix BA 123**Leki**

Skipaskr.nr. 2811
Smíðaður: Bátasmiðja Guðm. 2011, trefjaplast.
Útgerð: Krossi-útgerðarfélag ehf.
Stærð: 14,84 BT.
Mesta lengd: 12,76 m *Skráð lengd:* 11,73 m
Breidd: 3,48 m *Dýpt:* 1,57 m
Vél: John Deere, 317 kW, 2015.
Fjöldi skipverja: 2



Fönix©Þorgrímur Ómar

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. nóvember 2021 var Fönix BA á siglingu á Patreksfirði. Veður: SV 4-5 m/s.

Á siglingu út frá Patreksfirði kom upp leki inn með stefnirörinu á bátnum. Óskað var eftir aðstoð og fór Björgunarskipið Vörður til móts við bátinn og fylgdi honum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að öryggismyndavél var í vélarúminu þar sem skipstjórinn sá lekann áður en viðvörðunarkerfið fór í gang;
- að lekinn minnkaði þegar slegið var af vélinni og hún keyrð á 700-800 snúningum;
- að tvær lensidælar voru í vélarúmin og höfðu undan lekanum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.